

**FYRIRSPURN**

**Viðtakandi:** Innkaupa- og framkvæmdaráð  
**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

**Ósk um greinargerð, fulltrúi Sjálfstæðisflokks lagði fram á fundi nr. 74 í innkaupa- og framkvæmdaráði 16. júní 2022:**

Óskað er eftir greinargerð um framkvæmdir við Litluhlíð þar sem m.a. komi fram ýtarlegar upplýsingar um kostnað og verktíma. Hvenær hófst verkið, hvenær voru áætluð verklok við upphaf þess og hvenær eru áætluð verklok nú? Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnaðaráætlanir, áfallinn kostnað og endanlegan kostnað.

Greinargerð:

Framkvæmdin við Litluhlíð var samstarfsverkefni með Vegagerðinni og Veitum og var hún hluti af Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar og Samgöngusáttmálanum.

Framkvæmdir hófust í apríl 2021 og voru áætluð verklok nóvember sama ár.

Vegna tafa á verkinu m.a. vegna ófyrirséða verka þá kláruðust framkvæmdir ekki fyrr enn 17.12.2022.

Framkvæmdin var boðin út þann 23. mars 2021 í útboði nr. 15118.

Lægstbjóðandi var Háafell ehf. með tilboð sem nam 85,22% af kostnaðaráætlun.

Tilboð verktaka	Kostnaðaráætlun	Uppgjör
192.501.455	225.895.750	210.925.285

Kostnaðarskipting Reykjavíkurborgar og Veitna á framkvæmdinni var Reykjavíkurborg 87% og Veitur 13%.

Aðili	Uppgjör
Reykjavíkurborg	183.923.882
Veitur	27.001.403
<b>Samtals</b>	<b>210.925.285</b>



Hlutur Reykjavíkurborgar var síðan skipt á milli Vegagerðarinnar og Betri Samgangna í hlutföllum:

- Reykjavíkurborg 61%
- Vegagerðin 37% sem var vegna gerð undirganga
- Betri samgöngur 2% vegna gerð hjólastígs, lýsingu og merkingu hans.

Aðili	Uppgjör
Reykjavíkurborg	111.322.688
Vegagerðin	68.301.789
Betri Samgöngur	4.299.405
<b>Samtals</b>	<b>183.923.882</b>

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
Skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Árið 2021, þann 23. mars kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 15118. "Litlahlíð. Gatnagerð og lagnir".

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1	Berg verktakar ehf.	Kr	192.922.069	85,40%
2	Grafa og grjót ehf.	Kr	218.997.000	96,95%
3	Háfell ehf.	Kr	192.501.455	85,22%
4	Alma verk ehf.	Kr	213.217.205	94,39%
5	Bjössi ehf.	Kr	196.000.000	86,77%
6	Óskatak ehf.	Kr	208.115.463	92,13%
	Kostnaðaráætlun	Kr	225.895.750	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki

Opnun tilboða lokið kl. 10:07

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 8. apríl 2021 að ganga að tilboði Háfells ehf.

